

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 38/2006**

**frá 10. mars 2006**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan  
marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2006 frá 27. janúar 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2236/95 frá 18. september 1995 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra neta <sup>(2)</sup>.
- 3) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1655/1999 frá 19. júlí 1999 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2236/95 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra neta <sup>(3)</sup>.
- 4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 788/2004 frá 21. apríl 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2236/95 og reglugerðum (EB) nr. 1655/2000, (EB) nr. 1382/2003 og (EB) nr. 2152/2003 með það fyrir augum að aðlaga viðmiðunarfrjárhæðir með tilliti til stækkunar Evrópusambandsins <sup>(4)</sup> var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2004 frá 8. júní 2004 <sup>(5)</sup>.
- 5) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 807/2004 frá 21. apríl 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2236/95 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra neta <sup>(6)</sup>.
- 6) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1159/2005 frá 6. júlí 2005 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2236/95 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra neta <sup>(7)</sup>.
- 7) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1336/97/EB frá 17. júní 1997 um viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk fjarskiptanet <sup>(8)</sup>.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 92, 30.3.2006, bls. 46, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 17, 30.3.2006, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 228, 23.9.1995, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 17.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 52, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 25.11.2004, bls. 26.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 46.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 16.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 183, 11.7.1997, bls. 12.

- 8) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1376/2002/EB frá 12. júlí 2002 um breytingu á ákvörðun nr. 1336/97/EB um viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk fjarskiptanet (<sup>9</sup>).
- 9) Samstarf á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 2236/95, með áorðnum breytingum, skal bundið við samevrópsk fjarskiptanet.
- 10) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist 1. janúar 2006.

#### ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

##### *1. gr.*

Ákvæði 2. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 6. lið (Aukning evrópsks stafræns efnis í hnattrænum netkerfum):
  - „7. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2006 taka þátt í starfsemi sem leitt gæti af eftirtöldum gerðum, að því marki sem hún tengist verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum á sviði samevrópskra fjarskiptaneta:
    - **395 R 2236**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2236/95 frá 18. september 1995 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra neta (Stjtið. EB L 228, 23.9.1995, bls. 1), eins og henni var breytt með:
      - **399 R 1655**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1655/1999 frá 19. júlí 1999 (Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 1),
      - **32004 R 0788**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 788/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 17),
      - **32004 R 0807**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 807/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 46),
      - **32005 R 1159**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1159/2005 frá 6. júlí 2005 (Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 16).
    - **397 D 1336**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1336/97/EB frá 17. júní 1997 um viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk fjarskiptanet (Stjtið. EB L 183, 11.7.1997, bls. 12), eins og henni var breytt með:
    - **32002 D 1376**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1376/2002/EB frá 12. júlí 2002 (Stjtið. EB L 200, 30.7.2002, bls. 1).“
2. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 6. lið:

„Að því er varðar starfsemi sem um getur í 7. mgr. skulu EFTA-ríkin taka þátt í kostnaði vegna fjárlagaliða 09 03 04 og 09 01 04 03 (samevrópsk fjarskiptanet), auk samsvarandi fjárlagaliða síðar, í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.“
3. Í stað texta 3. liðar komi eftirfarandi:

„EFTA-ríkin skulu, frá upphafi samstarfs um áætlanir og aðgerðir sem um getur í 5., 6. og 7. mgr., taka fullan þátt í starfi þeirra nefnda EB sem aðstoða

<sup>9</sup>) Stjtið. EB L 200, 30.7.2002, bls. 1.

framkvæmdastjórn EB við stjórnun, mótun og framkvæmd þessara áætlana og aðgerða.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2006 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**R. Wright**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.